


## SKÝRINGAR:

Sjá einnig efnis.-búnaðar - og litaskrá.

Tréverk innréttinga skal vera fyrsta flokks, þurrkað, rakastig 8-11%. Spónaplötur skulu vera með rúmþyngd 650 kg/m3 eða meira. Skápar og hillur í þeim skulu smíðaðar úr hvítum plasthúðuðum spónaplötum minnst 16 mm þykkum, en hurðir, gaflar og hliðar, sem sýnilegar eru utanfrá skulu lagðar harðplasti. Alla kanta skal kantlíma með beyki. Bak í skápum skal vera úr plasthúðuðu masoníti.
Höldur á skáphurðir og skúffur krómaðar vírhöldur og lamir af viðurkenndri gerð.

Stálinnréttingarnar eru úr 1,25 mm þykku ryðfríu stáli (AISI303). Stálborðin eru fest á stálramma úr 30x30 mm stálprófíl með þverbitum úr stáli, 150 mm bil eru á milli þverbita. Borðrammi er með stillanlegum fóttöppum, +/- 10 mm. Hann er með veggfestingu úr undirramma sem er stillanlegur frá 0-100 mm, og skulu borðin standa stöðug ca. 50 mm frá vegg. Allir kantar skulu tvíbrotnir inn á við, með ca. 20 mm vatnsbrún að framan og til hliðar.
Borð við uppþvottavél skal vera pólerað stálborð úr ryðfríu stáli með 50 x 50 sm vask, 25 sm djúpum. Í niðurfalli skal vera ruslasigti ca. 1,5 lítrar ásamt kúluloka. Yfir vaski skal koma fyrir handúðunartæki (spúll) ásamt blöndunartækjum af viðurkenndri gerð. Borðið skal tengja þvottavél og skal brot vera í borðinu inn í þvottavélina. Bakkantur skal vera 50 mm hár, en fram- og vinstri kantur með vatnsbrún. Undir borðum við uppþvottavél eru hillur úr stáli. Borð hægra megin við uppþvottavél skal vera sömu gerðar og borð vinstra megin, nema án vasks. Undir því borði eru stálgrindur.

Koma skal fyrir innréttingu fyrir bökun, stálborð og lágt borð undir hrærivél. Yfir borði er komið fyrir hillum og opnum skáp fyrir örbylgjuofn. Skápur er smíðaður úr spónaplötum, harðplastlögðum, kantlímdum með beyki. Hillur skulu einnig harðplastlagðar og kantlímdar með beyki.
Koma skal fyrir hillum á vegg yfir borði. Hillur skulu harðplastlagðar og kantlímdar með beyki.
Í búri er komið fyrir hillum úr kantlímdum, harðplastlögðum spónaplötum. Hillurnar eru 30 sm djúpar. Hilluveggjárn og uglur frá Sparring eða Ofnasmiðjunni. Einnig er komið fyrir 30 mm formbeygðri hvítri borðplötu úr harðplasti sem fest er upp með til þess gerðum uglum. Neðan við borð skal vera ein samskonar hilla og er ofan við borð.

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|
| A<br>Skápur færður. | ss | hmh | 26.01.2004 |

BREYTINGAR

Byggingafulltrúi Hafn...
Afgreitt þann
14 JUNI 2004
HÓ

ASK Arkitektar
Skógarhlíð 18
105 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.arkitektar.is

Áritun aðalhönnuðar:
Helgi Már Halldórsson arkitekt FAÍ, kt. 301258-7049

# LEIKSKÓLI ÁSLANDI, Ásbraut 4, Hafnarfirði
VERKTEIKNING

HEITI TEIKNINGAR: Eldhús grunnmynd - útlit

MKV. Í A1: 1:20
TEIKNAÐ: ss
DAGS: 30.01.04

| VERK NR. | NÚMER TEIKNINGAR | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 0339 | 70-01 | A |